



# Skýrsla um innra mat 2020 - 2021

---

Anna Birna Einarsdóttir  
FELLASKÓLI

## Inngangur

Innra mat er fagleg ígründun, gagnasöfnun og greining á gögnum um skólafarfið í þeim tilgangi að leggja mat á hversu vel hefur tekist að ná þeim markmiðum sem skólafarfi byggir á samkvæmt aðalnámskrá grunnskóla og námskrá skólans.

Megin spurningar í innra mati eru; Hversu vel stöndum við okkur, Hvernig vitum við það? Hverjir eru okkar styrkleikar og helstu tækifæri til umbóta? Markmiðið með innra mati er að bæta nám nemenda, verða sterkari skóli, efla fagmennsku kennara og bæta námsárangur nemenda.

Fellaskóli er grunnskóli fyrir börn í 1. – 10. bekk. Hann er einn af fimm grunnskólum í sameinuðu sveitafélagi Borgarfjarðar eystri, Djúfavogs, Egilsstöðum, Fellabæ, Jökulsárhlið og Seyðisfjarðar, Múlaþingi. Fellaskóli starfar samkvæmt lögum um grunnskóla 91/2008.

Frá skólaárinu 2019 – 2020 starfa kennarar og annað starfsfólk skólans í teyllum. Þannig er stundatafla hvers teymis fyrir sig samfelld og eins þannig að auðvelt er að blanda upp hópum þvert á árganga innan hvers teymis. Í hverju teymi starfa umsjónarkennarar og þeir sem koma að nemendum s.s. sérkennarar, þroskaþjálfari og stuðningsfulltrúar.

Kennslan í skólanum tekur mið af viðmiðunarstundaskrá en mismunandi áherslur eru á stigunum. Séráherslur skólans eru útinám og útikennsla á yngsta – og miðstigi. Einnig samþætting bóklegra greina við list- og verkgreinar. Á miðstigi er lögð áhersla á að efla sjálfstæði og frumkvæði nemenda og til að styðja við það fer námið fram í ákveðnum lotum þar sem nemendur geta ákveðið sjálfir hvaða námsgrein þeir leggja áherslu á hverju sinni í lotunum, útfærslum á verkefnum sínum og fl.

Skólaárið 2019 – 2020 voru 97 nemendur í Fellaskóla og kynjahlutfall mjög jafnt. Það voru 30 starfsmenn í mismunandi starfshlutföllum.

Innra mats teymi skólans skipa Kristjana Sigurðardóttir ritari, Anna Birna Einarsdóttir og Hjördís Marta Óskarsdóttir stjórnendur.

Í þessari skýrslu verður sagt frá söfnun gagna og helstu niðurstöðum innra mats út frá viðmiðunartöflu um innra mat skólans árið 2020 – 2021.

## Innra mat

Viðfangsefni innra mats skólaárið 2020-2021 voru skólanámskrá, starfsáætlun, nám og námsárangur, líðan nemenda og starfsfólks og stjórnun.

Hér má sjá þau viðfangsefni sem Fellaskóli hefur til viðmiðunar í innra mati skólans.

Viðfangsefni sjálfsmats Fellaskóla	2020 - 2021	2021 - 2022	2022 - 2023	2023 - 2024	2024 - 2025	2025 - 2026
Skólanámskrá, t.d. stefna, markmið, inntak, nám og námsmat	X		X		X	
Starfsáætlun, t.d. skipulag, verkferlar og stoðþjónusta	X	X	X	X	X	X
Nám og námsárangur	X	X	X	X	X	X
Nemendur t.d. líðan, starfsandi og samstarf	X		X		X	
Starfsfólk t.d. líðan, starfsandi og samstarf	X	X		X		X
Stjórnun	X		X		X	
Viðmót og menning skóla		X		X		X
Aðbúnaður			X			X
Umbótaáætlun/ þróunarstarf	X	X		X		X

## Skólanámskrá, stefna, markmið, inntak, nám og námsmat

Vorið 2021 vorum við svo heppin að lenda í ytri úttekt menntamálastofnunar þar sem matsaðilar skoðuðu sérstaklega skólanámskrá og inntak náms í skólanum. Niðurstöðurnar komu í ítarlegri skýrslu þar sem búið var að lista upp styrkleika og tækifæri til úrbóta. Gerð hefur verið úrbótaáætlun fyrir skólann. Niðurstöður úr úrtökuþáttum ytra matsins nýtast í þeim þáttum sem á að skoða í innra matinu þetta skólaárið s.s skólanámskrá, starfsáætlun og stjórnun.

Heimasíðan er virk og inniheldur að hluta til helstu upplýsingar um skólastarfið samkvæmt lögum og reglugerðum. Þar vantar þó ýmsar upplýsingar um starfið sem þurfa að vera aðgengilegar.

Skólanámskrá og starfsáætlun eru birtar á heimasíðu en eru í endurskoðun og vinnslu. Þar koma fram áherslur stjórnvalda og skóla, hvernig unnið er með grunnþætti menntunar, eflingu læsis, einkunnarorð og þau gildi sem skólinn starfar eftir. Þessar áherslur endurspeglast síðan í skipulagi og allri starfsemi skólans. Borin er virðing fyrir fjölbreytileika, mismunandi þörfum, hæfileikum og einkennum nemenda. Í úttekt mennta- og menningarmálaráðuneytsins 2011 var birtingarform skólanámskrár ekki í samræmi við lög.

Á vef skólans má finna bekkjarnámskrár frá síðasta skólaári 2019-2020 eftir árgöngum. Námskrár þessa skólaárs liggja ekki fyrir. Fram kemur í skólanámskrá að skólaárið 2020-2021 er unnið að því að breyta kennsluháttum úr hefðbundinni bekkjarkennslu í nokkrum árgöngum og samkennslu í öðrum yfir í teymis- og samkennslu allra kennara og árganga. Yngsta- og miðstig er skipulagt út frá þeimum en á unglíngastigi er lotubundið skipulag þar sem allar kennslugreinar fléttast saman. Þessi þróunarvinna er sýnileg á vettvangi og fram kemur í rýnihópi kennara að þróunarvinnan byggist á byrjendalæsi, teymiskennslu, samþættingu verkefna, útinámi og sköpun. Þá kom fram hjá skólastjóra og í rýnihópi kennara vilji til að halda áfram að þróa framangreinda kennsluhætti enn frekar. Lotuvinnan og breytingar á kennsluháttum á unglíngastigi voru kynntar foreldrum á haustfundi auk þess sem foreldrar og nemendur fá kynningu senda heim á hverri lotu. Kynningar á skólastarfinu fyrir foreldra annarra námshópa fer fram að hausti.

Náms- og kennsluáætlanir og verkefni eru að hluta til skráðar inn á Teams og í Námfús og eru þar aðgengilegar nemendum og foreldrum. Náms- og kennsluáætlanir eru mismunandi útfærðar eftir kennurum og fögum. Í mörgum þeirra koma fram markmið, hæfniviðmið, leiðir, viðfangsefni, náms- og kennsluefni og námsmat en sumar þeirra eru einungis með hluta eða nokkra af framangreindum þáttum.

Stefna um aðgerðir til að auka árangur nemenda er ekki skráð í skólanámskrá. Umfjöllun um námsmat kemur fram í skólanámskrá og þar er einnig vísað í matskvarða fyrir nemendur í 10. bekk í aðalnámskrá grunnskóla. Matskvarðar, lykilhæfni og viðmið sem tengjast námsgreinum og annarra árganga eru ekki skráð eða skilgreind í skólanámskrá.

### Tækifæri til umbóta

- Móta, skrá og birta á heimasíðu námskrár námshópa og námsgreina þar sem fram koma markmið, lykilhæfni, leiðir, viðfangsefni, hæfniviðmið, námsmat og námsaðlögun.
- Samræma þá þætti sem fram eiga að koma í náms- og kennsluáætlunum námshópa og námsgreina út frá hópanámskrám skólans.
- Móta, skrá og birta á heimasíðu stefnu um sérkennslu, stuðning og námsaðlögun þar sem fram koma markmið, leiðir og framkvæmd.
- Gera grein fyrir viðmiðum um námsmat og matskvörðum sem tengjast námsgreinum og námshópum í skólanámskrá, námskrám og kennsluáætlunum.
- Rýna niðurstöður samræmdra prófa og Lesferils og leggja fram stefnu um aðgerðir til að auka árangur nemenda.
- Vinna að því að efla áhuga nemenda á stærðfræði.
- Vinna markvisst með lykilhæfni, hæfniviðmið og markmið í námi og kennslu jafnframt því að þjálfa nemendur í að meta eigin framfarir í námi.
- Huga þarf að tölvubúnaði, aðstöðu og aðgangi að neti til að upplýsingatæknin verði eðlilegur hluti náms- og kennsluumhverfis.
- Gefa nemendum í stigvaxandi mæli tækifæri til að velja sér námsaðferðir eftir viðfangsefni eða námstíl.
  - Vinna markvisst að því að efla námsvitund nemenda.
  - Þjálfa nemendur til að taka þátt í skólaráði og öðrum nefndum á vegum skólans.
  - Skrá og birta formlegt verklag um hvernig fulltrúar nemenda koma upplýsingum á framfæri við aðra nemendur skólans.

### Starfsáætlun, t.d. skipulag, verkferlar og stoðþjónusta

Starfsáætlun er á heimasíðu en Skólanámskrá er í vinnslu hjá skólastjóra. Fram kemur á heimasíðu skólans stutt lýsing á skipulagi sérkennslu og stuðningi. Þar kemur einnig fram að skólinn vinnur með öðrum skólum samkvæmt Austurlandslíkaninu. Skólastefnan er að nemendum er veitt sérkennsla með ýmsum hætti svo sem einstaklingslega, í litlum hópum eða inni í bekk.

Á vettvangi kom fram hvernig námsaðlögun er háttað í skólanum. Stuðningur er fjölbreyttur og tekur til allra þátta í skólastarfinu. Þá kom fram í rýnihópum kennara og skólastjóra að skipulag kennslunnar eigi að taka mið af þörfum hvers einstaklings og er það gert með teymisvinnu, samkennslu og fjölbreyttu kennsluháttum. Rökstuddar einstaklingsnámskrár eru unnar og miðast við þarfir viðkomandi nemanda. Stefna um sérkennslu og námsaðlögun þar sem fram koma markmið, leiðir og framkvæmd er ekki að finna í skólanámskrá eða starfsáætlun. Þá kemur ekki fram í námskrám eða kennsluáætlunum hvernig stuðningi og námsaðlögun er háttað í einstaka námshópum eða námsgreinum.

### Tækifæri til umbóta.

- Ljúka við endurskoðun skólanámskrár og starfsáætlunar út frá stefnu skólans og viðmið aðalnámskrár grunnskóla.
- Skilgreina hvaða þættir eiga að vera í starfsáætlun og hvað þættir í skólanámskrá.

- Ljúka við tilskildar áætlanir samkvæmt lögum og reglugerðum.
- Útbúa skipurit fyrir stjórnskipulag skólans.
- Gera starfsþróunar-/og símenntunaráætlun fyrir skólann.
- Skólaráð setji sér starfáætlun, birti fundargerðir og haldi opinn fund fyrir skólasamfélagið.
  - Skrá ferli og verklag um hvernig niðurstöður skimana, kannana og prófa eru nýttar til framfara.
  - Skrá verklag um hvernig upplýsingum um árangur í skólastarfi er komið til foreldra, nemenda og annara hagsmunaaðila.
  - Skrá formlega ábyrgðaraðila og framgang þróunarvinnu og birta á heimasíðu.
  - Tryggja að á heimasíðu skólans séu réttar og uppfærðar upplýsingar.
  - Stjórnendur fylgist reglulega með námi og kennslu og veiti kennurum endurgjöf.
  - Skrá upplýsingar um réttindi og skyldur starfsfólks í starfsáætlun.
  - Setja fram heilsustefnu fyrir starfsmenn skólans og framfylgja henni.
  - Huga að faglegri handleiðslu fyrir starfsfólk.

## Umbóta og þróunarstarf í Fellaskóla – áherslur og markmið 2020 – 2021

Skólaárið 2020-2021 var unnin þróunarvinna með þrjú veigamikla þætti í skólastarfinu. Það voru teymiskennsla/teymisvinna, námsmat og bekkjарfundir. Allir þessir liðir hafa áhrif hvern á annan.

### **Teymiskennsla/teymisvinna**

Í teymiskennslu er gengið út frá því að kennarar beri sameiginlega ábyrgð á nemendahópum og vinni saman að undirbúningi náms, kennslu og námsmati. Litið er á kennara, stuðningsfulltrúa, sérkennara, þroskaþjálfara sem teymi ákveðins stigs.

Í vetur vinna ákveðnir hópar fagfólks að því að þróa teymisvinnu hjá sér og nemendum á þremur stigum. Þannig vinnur ákveðinn hópur fagfólks með yngsta stig (1.-4. bekkur), annar hópur fagfólks vinnur í teymi að skipulagi og kennslu nemenda á miðstigi (5.-7. bekkur) og þriðji hópur fagfólks vinnur í teymi á unglíngastigi.

Ákveðið var að fara í samkennslu með öll stigin en hingað til hafa sumir árgangar verið í samkennslu en aðrir ekki. Árgangarnir eru misstórir og því kemur best út að kenna stígunum saman á mismunandi hátt s.s. með þemaverkefnum, í lotubundinni kennslu, í útikennslu og útinámi, samkennslu og samþættingu námsgreina. Þannig verður farið í að þróa með markvissum hætti teymisvinnu og teymiskennslu þar sem litið verður á hvert stig ( yngsta, mið-og unglíngastig) sem eina heild. Kennarar læra saman og bera sameiginlega ábyrgð á að mæta mismunandi þörfum nemenda.

Hvert stig hefur haft svigrúm til að skipuleggja kennsluna með mismunandi hætti. Þó liggur rauður þráður í gegn um öll stig – þ.e. sömu markmið liggja til grundvallar umbóta- og þróunarstarfinu á öllum stigum.

Á yngsta stigi eru nemendur árganga hjá umsjónarkennara nema 1. og 3. bekkur er þar í samkenndu. Þar eru nemendur 13,5 kennslustundir (hér eftir kest.) þvert á árganga í þema- og lotubundnum verkefnum. Umsjónarhópur hjá umsjónarkennara í 7,5 kest. og 7,5 kest. í list- og verkgreinum.

Á miðstigi ( 5.-7. bekk) er þremur árgöngum skipt niður í tvo hópa. Þar eru nemendur í þemabundnum samþættum verkefnum í hálfan mánuð og bóklegum námsgreinum í hálfan mánuð. Nemendur eru 6 kest. á viku í list- og verkgreinum.

Á unglingastigi er nemendum skipt niður í tvo hópa þvert á árganga. Þar er kennt í lotum og nemendur fá lotuskipulag fyrir misjafnlega langan tíma þar sem allar námsgreinar eru undir. Á unglingastigi eru 3. kest. í list- og verkgreinum á viku – 5 kest á viku í valgreinar (metið val og kennt í skóla).

Allir árgangar eru í blönduðum hópum þvert á árganga í list- og verkgreinum og íþróttum.

### **Markmið með teymiskennslu (rauði þráðurinn)**

- Að skapa heildstæða kennslu fyrir nemendur
- Að efla fjölbreytni í kennsluháttum
- Efla og styrkja samvinnu og samskipti nemenda
- Efla sjálfstæði og sjálfsábyrgð nemenda í eigin námi
- Auka það að vinna nemenda stýrist af markmiðum aðalnámskrár í stað vinnubóka
- Efla og styrkja samvinnu fagfólks í skólanum

### **Námsmat**

Síðasta vetur átti sér stað umræða og vinna við endurskoðun námsmats. Námsmatshópur var að störfum við að skoða með hvaða hætti best væri að haga námsmatinu hér. Ákvörðun var tekin um að vinna námsmatið í Námfús sem er skráningarkerfi skólans.

Vinnan er á frumstigi í vetur 2020 - 2021 en verður unnið áfram með markvissum hætti í teymunum. Þar sem teymin koma sér saman um hvað á að meta, með hvaða hætti og að það sé hagnýtt og skýrt fyrir kennurum. Námsmatið tekur mið af kröfum aðalnámskrár grunnskóla 2013 og stuðst er við matskvarðann A – D. Metið er út frá lykilhæfni og hæfniviðmiðum námssviða. Forritið Námfús verður notað til að styðja við námsmatsferlið og miðla upplýsingum.

### **Bekkjarfundir**

Liður í að efla lýðræði og þátttöku nemenda í skólastarfinu er að skapa aðstæður þar sem nemendur hafa tækifæri til að segja sína skoðun með viðeigandi hætti. Bekkjarfundir eru

einnig mikilvægur liður í eineltisáætlunum skóla þar sem nemendum gefst tækifæri til þess að ræða samskipti og ágreining ásamt fleiru.

### Leiðir til starfsþróunar

- Teymin læra saman og þróa starfshætti sína með sameiginlegri vinnu
- Fræðsla og faglegar umræður á kennarafundum og teymisfundum
- Námskeið, ýmist sameiginleg eða námskeið sem kennarar/starfsmenn sækja sjálfir
- Lestur og kynningar fyrir aðra starfsmenn
- Lærdómshópar myndaðir um ákveðna þætti

### Starfsþróun og símenntun kennara

Hverjum skóla er skylt að gera símenntunar-/starfsþróunaráætlun sem lögð er fram á hverju starfsári. Skólaárið 2020 – 2021 var lögð áhersla á teymisvinnu og teymiskennslu, lotubundið skipulag, bekkjarfundi og námsmat.

Tími til starfsþróunar markast af samningsbundnum 102 klst. á meðalári til símenntunar og undirbúnings kennara. Starfsþróun, sem er hluti af þessum tíma er almennt ætlaður tími utan við skipulagðan starfsramma skólaársins, en einnig er heimilt að koma henni við á starfstíma skóla, eftir nánara samkomulagi.

### Starfsþróun kennara má skipta í tvo meginþætti:

- Þætti sem eru hluti af stefnu skólans og allir þurfa að tileinka sér.
- Þætti sem kennari metur æskilega eða nauðsynlega fyrir sig til að halda sér við í starfi eða bæta við sig nýrri þekkingu sem nýtist í starfi.

Skólastjóri ákvarðar almenna þörf fyrir námskeið og fræðslufundi út frá stefnu skólans, áhersluatriðum næsta vetrar og/eða þróunarvinnu næsta vetrar á grundvelli sjálfsmats skólans. Kennurum er skylt að fara á námskeið samkvæmt starfsþróunaráætlun skólans ef hún er gerð samkvæmt ákvæðum kjarasamninga og kennurum að kostnaðarlausu.

Starfsþróunaráætlun skal kynnt kennurum. Kennurum ber að gera skólastjóra grein fyrir þeim þáttum í sí- og endurmenntun sem þeir hafa áhuga á að sinna til að halda sér við í starfi eða bæta við nýrri þekkingu sem nýtist í starfi. Endanleg ákvörðun er í höndum skólastjóra (handbók um kjarasamninga bls. 34).

### Leiðir til að sinna starfsþróun:

- Námskeið á vegum skólans eða annarra viðurkenndra aðila
- Skipulagðir leshringir og vettvangsheimsóknir
- Stutt námskeið og kynningar á fundartíma kennara (það telst ekki sem hluti af 102 tímum sem skráist sem símennt)
- Umbóta og þróunarverkefni
- Starfendarannsóknir
- Teymisvinna
- Rýnihópar



- Sjálfsnám, lestur, myndbönd o.fl.

### Yfirlit yfir starfsþróun og endurmenntun í Fellaskóla 2020 – 2021

Heiti og viðfangsefni	Tími	Fyrir hverja	Umsjón
Kynninga á Brúarskipulagi í Brúarásskóla	júní 2020	Fyrir alla	Natalia Wróblewska
Netkynning frá Námfús um námsmat	ágúst 2020	Allir kennarar	Skúli Thorarensen
Kynning frá leiðtogum í stærðfæðikennslu	21.09. 2020		Michelle Mielnik Halla Helgadóttir
Kynning frá leiðtogum í Stærðfæðikennslu Hvernig vinna á með hugtök í stærðfræði í samtali.	19.10. 2020		Michelle Mielnik Halla Helgadóttir
Námsmat – hæfniviðmið, uppsetning	2.11. 2020	Allir kennarar	Michelle Áslaug Saga Guðný Drífa
Námsmat – hæfniviðmið, v	9.11. 2020	Allir kennara	Michelle Áslaug Saga Guðný Drífa
Mismunandi tegundir námsmats Námsmöppur – ferilmöppur Sjálfsmat og jafningjamat Matssamtal og foreldrafundur		Allir kennarar	Skólastjóri
Bekkjargundir - fyrirkomulag og skipulag	20		Skólastjóri
Bekkjargundir – fyrirkomulag og skipulag	08.02. 2021		Skólastjóri
Lestur greina um teymiskennslu – Kynning á stígunum – hvernig gerum við þetta?	08.03 2021	Allir kennarar	Skólastjóri
Umræður og samræður – hvað gengur vel, hvað erum við ánægð með, hvað getum við gert betur og hverju þarf að breyta?	03.06 2021	Öll stigin	

**Mat lagt á teymisvinnu og lotubundið skipulag.**

Niðurstöður úr matsvinnu teyma (kennarar og stuðningsfulltrúar) þar sem starfsfólk var beðið um að fara yfir kosti og galla teymisvinnu annars vegar og hins vegar kosti og galla lotubundins skipulags. Unnið 03.06 2021.

**Teymisvinna**

Teymi	Kostir við teymisvinnu, hvað gekk vel	Ókostir við teymisvinnu, það sem betur má fara
<b>Yngsta stig</b> Kennarar, sérkennari og stuðningsfulltrúar.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gott að vinna með öðrum og</li> <li>• fá að sýn á viðfangsefnin.</li> <li>• Gott að geta rætt málin, fengið hugmyndir og aðstoð við framkvæmd.</li> <li>• Gott að hafa svipaðan grunn en fara mismunandi leiðir, skiptast á verkefnum og geta gert sameiginlegt uppgjör</li> <li>• Gott að hafa stuðningsfulltrúa og sérkennara með á skipulagsfundum</li> <li>• Nýta styrkleika hvers kennara og gera að sínu</li> <li>• Sérkennari upplifir sig meira sem kennara í hópi sem hann tilheyrir og það eykur skilning allra á þörfum og nálgun sérkennslu</li> <li>• Gott að hafa sameiginleg verkefni á stiginu nokkrum sinnum yfir skólaárið</li> <li>• Samstarf og samþætting með list- og verkgreinum kostur</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vont þegar stuðningsfulltrúar geta ekki verið með á fundum</li> <li>• Hindrar kennara í undirbúningi verkefna að þurfa að bíða eftir vinnutíma teymis</li> <li>• Mismunandi verklag heftir flæði hjá einstaklingum – fólk misskipulagt</li> <li>• Meira álag og flækjustig, fyrsta árið? Óöryggi? Aukin vinna?</li> <li>• Meiri tími sem fer í vinna hæfniviðmið með öllu teyminu</li> <li>• Þarf að endurskoða forföll þá daga sem umsjónarkennari er ekki í vinnu?</li> <li>• Samskipti á milli stiga minnka</li> <li>• Hætta á að taka allt of marga þætti inn í hverja lotu</li> <li>• Verkgreinakennarar uppteknr þegar teymin unnu saman</li> </ul>

<p><b>Miðstig</b> Kennarar og stuðningsfulltrúi</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gefandi samstarf kennara</li> <li>• Reynir meira á samskipti og skipulag - kostur</li> <li>• Nemendur eru ánægðir</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Breytingar á vinnu kennara í teyllum á miðju skólaári ekki heppilegar</li> <li>• Innlagnartímar gleymast og sum fög fá meiri tíma en önnur</li> <li>• Stundatöflur – t.d. að fá nemendur ekki í upphafi dags er ókostur</li> <li>• Sérstuðningur við lestur nemenda þyrfti að vera meiri</li> <li>• Þyrfti að koma til sérfræðimanneskja til að sinna nemendum sem þrífast illa í skólanum vegna heimilisaðstæðna, greininga eða annarra vandamála.</li> </ul>
<p><b>Unglingastig</b> Kennarar, sérkennari og þroskajálfi</p>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gott að vinna saman – gott að hafa sérkennara og þroskajálfa inni í teyminu</li> <li>• Samráð um nemendur – að geta ráðfært sig við aðra kennara um málefni einstaka nemenda og skipuleggja saman</li> <li>• Kemur vel út að hafa sérkennslu inni í bekk. Sérkennari nýtist öllum nemendum</li> <li>• Gott að hafa þroskajálfa inni í bekk. Allir nemendur græða og nemendur með sérþarfir upplifa sig hluta af hópnum</li> <li>• Mikilvægt og hefur komið vel út í teymisvinnunni að bóknámskennarar séu í gati á sama tíma og geti skipulagt kennsluna saman</li> <li>• Gott að hafa stundatöflurnar þannig að kennara í bóklegum fögum eru allir að kenna á sama</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Vantar skipulagða árgangatíma svo nemendur fái „bekkjarfílinginn“</li> <li>• Kennarar áttu erfitt með að hafa yfirsýn yfir sína umsjónarnemendur. Þarf að skipuleggja betur umsjónarhópa nemenda s.s. með tilliti til aldursskiptingar og stofuskiptingar.</li> <li>• Erfitt fyrir kennara að vera inni í öllum námsgreinum og stöðu allra nemenda</li> <li>• Aðstöðuleysi – mjög erfitt að færa vinnuaðstöðu kennara inn í skólastofu nemenda</li> </ul>

	tíma og geta skipulagt loturnar út frá því	
<b>List- og verkgreinar</b> Íþróttakennari, sundkennari og list- og verkgreinakennarar	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Kostur að geta unnið með umsjónarkennurum</li> <li>• Kostur að geta unnið með öðrum list- og verkgreinakennurum í skipulagi verkefna</li> </ul>	

**Lotubundið skipulag**

Teymi	Kostir við lotubundið skipulag	Ókostir við lotubundið skipulag
Yngsta stig	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Yngri nemendur læra af þeim eldri</li> <li>• Getuminni nemendur njóta sín oft betur í aldursblönduðum hópi</li> <li>• Þema eða viðfangsefni og samþætt nám í tengslum við það</li> <li>• Stundataflan góð</li> <li>• Gott að vera með útinámshringekju</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Oft mjög mikill getumunur og þroskamundur á einstaklingum</li> <li>• Nemendur lengur að ná framförum því ábyrgðin dreifist á milli kennara og þá detta sumir niður á milli af ýmsum ástæðum</li> <li>• Umsjónarkennari missir stundum yfirsýn yfir stöðu nemenda</li> <li>• Spurning hvort byrjendalæsið haldi jafn sterkri stöðu í lotuskipulagi þ.s. eru mismunandi blandaðir hópar og áherslur?</li> <li>• Að umgangast of marga kennara og skipta oft um stofu var ruglingslegt fyrir marga nemendur</li> </ul>
Miðstig	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gekk illa að skipta í hópa til að byrja með</li> <li>• Börnin gátu sjálf valið sér vinnufélaga</li> </ul>	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Passa innlagnartíma í ákveðnum námsgreinum</li> <li>• Gæta þess að allar námsgreinar hafi það vægi sem þær eiga að hafa</li> </ul>

	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Lotuvinna með samþættum verkefnum námsgreina gafst vel og var gefandi.</li> <li>• Gerði námsumhverfið fjölbreyttara</li> </ul>	
Unglingastig	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Loturnar koma vel út – gott að allir hafi sömu viðfangsefnin þó svo verkefnin séu aðlöguð einstaklingum. Eykur samheldni að vera hluti af hópnum</li> <li>• Aldursblöndunin góð – nemendur hafa eignast fleiri vini, vinna meira saman og færri árekstrar í samskiptum nemenda.</li> <li>• Áreiti að einstaka nemendum dreifist á fleiri og jafnar álagið.</li> <li>•</li> </ul>	
List- og verkgreinar		<ul style="list-style-type: none"> <li>• Of langri tímar hjá yngstu nemendum í einu</li> <li>• Of breitt bil á milli nemenda í 1. – 4. Bekk</li> <li>• Mætti samþætta vinnu í list- og verkgreinum meira við bóklegar greinar. Á miðstigi t.d. mætti elda ákveðnar uppskriftir eða búa til, gera bók um þær í myndmennt, sauma svuntu í heimilisfræði og smíða bókastand undir matreiðslubókina í smíðum.</li> </ul>


### Niðurstöður könnunar meðal nemenda um teymiskennslu og lotuskipulag

Í könnun sem lögð var fyrir nemendur í maí var spurt um viðhorf þeirra til breyttra kennsluhátta, hvernig þeim líkaði lotubundið skipulag og teymiskennsla, hvað þeim þætti betra við það fyrirkomulag og hvort þau söknuðu einhvers úr kennslunni eins og hún var áður.

Gerð voru mistök við gerð könnunarinnar svo ekki var hægt að nálgast svör frá öllum nemendum, en þó fengust einhver svör frá öllum aldurshópum svo könnunin ætti að gefa vísbendingar um viðhorf nemenda. Alls fengust svör frá 40 nemendum, þar af 12 á yngsta stigi, 1 á miðstigi og 27 á elsta stigi.

Spurningar voru orðaðar með það að markmiði að allir nemendur skildu hvað um væri að ræða, í niðurstöðum hér að neðan er *teymiskennsla* notuð yfir blandaða hópa, umsjónarhópa og samkennslu, *lotukennsla* er notað yfir þemakennslu, lotur og lotubundið skipulag. Í opnum spurningum eru flest svör talin upp, aðeins svör á borð við nei eða bull voru síuð úr, svör sem voru mjög lík voru ekki öll talin upp. Stafsetning nemenda var ekki leiðrétt í opnum svörum.

Þegar nemendur voru spurðir að því hversu ánægðir þeir væru með teymiskennsluna sögðust 57,5% nemenda vera ánægðir eða mjög ánægðir, 22,5% voru hvorki ánægðir né óánægðir en 20% nemenda voru óánægðir eða mjög óánægðir, sjá mynd 1.



Þegar nemendur voru beðnir um að segja frá því hvað þeim þætti betra við teymiskennsluna fjölluðu flest svörin um aukinn félagsskap og meiri blöndun við bæði eldri og yngri krakka, það væri meiri fjölbreytni, fleiri kennarar og að íþróttir og sund væru betri með þessu fyrirkomulagi. Dæmi um svör voru: Get hitt eldri nemendur, get hitt einhverja aðra, þá er ég ekki alltaf með sömu krökkunum, það eru fleiri vinir og fleiri kennarar, geta verið með vinkonum sínum sem eru yngri en ég, bara hittir fleiri - samt ekki, fleiri vinir saman, eignast fleiri vini, maður er með fleiri krökkum, maður eignast vini á allskonar aldri, fleiri eru í íþróttum, ekki uppáhaldið mitt - en ekki það versta, skemmtilegt, gaman með lestrarfélögunum, stundum er betri vinnufriður, minna um rifrildi.

Þegar spurt var hvers nemendurnir söknuðu úr bekkjarkennslunni sakna flestir einskis. Einhverjir sakna þess að spjalla við vini sína úr sínum bekk og að vera bara bekkurinn saman. Nokkrir töldu upp bekkjarfélaga sem þeir sakna sérstaklega og einum finnst vinahópnum hafa verið stíað í sundur.


Dæmi um svör voru: Öllu - bekkurinn er ekki lengur jafn náinn og hann var - mætti alveg hafa bekkjarhittinga kannski einu sinni í mánuði, veit hvar allt er í stofunni, tala við þá sem eru með þér í bekk af því þeir eru með þér í bekk, það er leiðinlegt að bekkurinn sé ekki jafn mikið saman og hann var - það er eiginlega búið að stíga vina hópnunum í sundur, já við í bekknum duttum smá í sundur, vera bara bekkurinn saman.

Þrír nemendur nýttu tækifærið og lýstu kostum þess að vera ekki bara með bekknum sínum og skrifuðu: það er gott að læra fjölbreytt hjá mismunandi kennurum, betra eins og það er, engum - það er jafnvel skemmtilegra að vinna með mörgum.

Þegar nemendur voru spurðir að því hversu ánægðir eða óánægðir þeir væru með lotukennsluna mátti sjá að meirihluti nemenda, eða 75% eru ánægðir eða mjög ánægðir, 17,5% eru hvorki ánægðir né óánægðir og 7,5% eru óánægðir eða mjög óánægðir. Sjá mynd 2.

## Hversu ánægð(ur) eða óánægð(ur) ertu með lotukennsluna?

Answered: 40 Skipped: 0



Þegar nemendur voru spurðir að því hvað þeim þætti vera betra við lotukennsluna voru mörg svör í þá átt að þar væri meira skipulag, meira um samvinnu, nemendur hefðu betri yfirsýn og gætu lært á sínum hraða, þetta væri fjölbreytt, skemmtilegt og betra.

Dæmi um svör: Meira skipulag og yfirsýn yfir námið, mismunandi verkefni og ef ég klára ekki í dag get ég klárað á morgun, mér finnst gott að tengja allt saman, ég veit betur hvað ég á að gera, það er allt gott við hana ég get ekki sagt það, að það er hægt að gera hvernig plan sem er, getur unnið sjálfstætt, ég get klárað allt á fyrstu vikunni, létt verkefni, maður hefur meiri umsjón yfir námið, alltaf að gera öðruvísi verkefni og bara fáum að vinna saman í mörgum verkefnum, fleiri vinir, vídeó gerð ár alveg gaman sko, mappan fyrir öll verkefni, þetta er vara þægilegt.

Einn nemandi sagði lotukennsluna leiðinlega.


Þegar nemendur voru spurðir að því hvort þeir söknuðu einhvers úr kennslunni eins og hún hafði verið síðustu ár svöruðu lang flestir neitandi, en tveir nemendur töldu upp einstaka kennslugreinar (landfræði og heimilisfræði), nokkrir söknuðu ákveðinna bekkjarfélaga, einn saknaði kennarans síns og tveir nefndu breytingar á námsaðstöðu; að vera með sér borð og að vinna meira í tölvu.

Önnur svör voru: Já ég sakna þess að vera með bekknum af því að við vorum og erum vonandi en þá náinn - það var miklu skemmtilegra að vera bekkirnir saman í íþróttum, læra saman sem hópur, já mér fannst best þegar við vorum meira úti, meiri hjálp.

Þegar nemendur voru spurðir að því hvort þeir myndu helst vilja vera í kennslu með bekknum sínum, stiginu sínu eða bland beggja ef þeir fengju að ráða, voru flestir sem völdu að vera í kennslu með sínum bekk, eða 46.15%. 25.64% myndu helst vilja vera kennt með blönduðum hóp af stiginu sínu en 28.21% myndu velja bland beggja. Sjá mynd 3.

Ef þú gætir valið, hvort myndir þú vilja vera í kennslu með:

Answered: 39 Skipped: 1



Út frá niðurstöðum hóparýnis kennara og skoðanakönnunar meðal nemenda verða gerðar þær breytingar sem þurfa þykir á næsta skólaári á kennsluháttum og skipulagi kennslu.

## Mat á skólastarfinu, líðan nemenda og starfsfólks

Til að meta árangur og skólastarfið almennt er skólinn í samstarfi við Skólalapsinn sem gerir árlega kannanir fyrir grunnskóla landsins. Í ár voru kannanir lagðar fyrir starfsmenn, nemendur og kennara.



Samstarf við Skólapúlsinn gefur okkur mikilvægan samanburð við aðra skóla á landinu.

### Mannauður

Starfsmannakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir í byrjun mars 2021 auk þess sem allt starfsfólk var boðað í starfsmannasamtöl um miðjan apríl 2021. Starfsfólk svaraði í könnunarformi Skólapúlsins ýmsum spurningum varðandi starfið, vinnustaðinn, stjórnun og samstarfsfólk. Auk þess svöruðu kennarar spurningum varðandi kennarastarfið.

Í starfsmannasamtölum skólastjóra og starfsfólks var m.a. farið yfir styrkleika, veikleika, frammistöðu, áskoranir og ánægju í starfi, samskipti, og endurmenntun starfsfólks auk óska þeirra varðandi næsta skólaár hvað varðar viðfangsefni og stöðuhlutfall.

### Styrkleikar vinnustaðarins:

- Vinnuálag starfsfólks hæfilegt. Álag á einstaka stundum. Markmið fremur skýr og starfsmenn klárir á hvað er á þeirra ábyrgð
- Almenn ánægja allra starfsmanna. Telja sig starfi sínu hæfir og sáttir við gæði og afköst vinnu sinnar. Hliðhollir vinnustaðnum.
- Ágætis samþætting milli vinnustaðar og fjölskyldulífs.
- Góður og jákvæður starfsandi, samkennd og hómor. Hvetjandi – afslappaður og þægilegur vinnustaður.
- Samstarf starfsfólks gott. Stuðningur og samheldni í hópnum.
- Frumkvæði og hvatning.
- Engin mismunun eða áreitni hvað varðar kyn eða aldur.
- Jákvæður og lausnamiðaður skólabragur.
- Gott samband kennara og nemenda.
- Samband við foreldra jákvæð að öllu jöfnu – Upplýsingaflæði gott.
- Einstaklingsmiðuð og fjölbreytt kennsla.
- Teymiskennsla og samkennsla árganga.
- Aðgengi að ráðgjöf sérfræðings ágæt.
- Samband skólastjórnenda og starfsfólks góð.

### Tækifæri til umbóta

- Þörf á endurbótum á húsnæði og stækkun skóla, bæta starfsaðstöðu kennara.
- Eldhús og mataraðstöðu þarf að uppfæra.
- Uppfæra aðstöðu fyrir heimilisfræði.
- Bæta þarf tæknimál, nettengingu, tækjabúnað og tæknilegan stuðning.
- Upplýsingarflæði.
- Endurhönnun á útivistarsvæði nemenda.
- Skýrari stefnu varðandi nýja kennsluhætti.

- Meira gagnsæi.
- Símanotkun nemenda.
- Meiri víðsýni og meiri metnaður.
- Áræðni og að fara út úr kassanum.

### Skólabragur

Velferð og líðan nemenda eru alltaf í forgangi.

Nemendakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir nemendur í 6.-10.bekk í mars 2021. Nemendur svöruðu í könnunarformi ýmsum spurningum varðandi námið, kennslu og líðan í skólanum.

### Styrkleikar

- Sjálfsálit nemenda gott
- Almenn gleði
- Stöku áhyggjur og stress t.d. fyrir próf
- Vinátta, samheldni og samkennd
- Gott samband nemenda og kennara
- Traust á kennara
- Virk þátttaka nemenda í tímum

### Tækifæri til umbóta

- Hafa reglur skólans skýrari
- Órói í kennslustund, líður oft á kennslustund áður en ró kemst á
- Meiri fjölbreytni og betri matur í mötuneyti.

### Foreldrar

Foreldrakönnun Skólapúlsins var lögð fyrir foreldra í byrjun febrúar 2021. Foreldrar svöruðu í könnunarformi ýmsum spurningum varðandi starf skólans.

### Styrkleikar

- Almenn ánægja með kennsluaðferðir sem mæta þörfum nemenda
- Upplýsingaflæði um námsárangur frá kennurum gott
- Samskipti foreldra og nemenda varðandi námið góð
- Ánægja með stjórnun skólans
- Verkefni við hæfi fyrir nemendur
- Heimavinna hæfileg
- Fjölbreytni í vali
- Útikennsla

- Samvinna þvert á stigin
- Stöðugleiki
- Hæfilegur agi í skólanum
- Góð samskipti við kennara/starfsfólk skólans
- Ánægja með almenna aðstöðu í skólanum
- Almenn ánægja með stuðning og samskipti starfsfólks og nemenda
- Foreldrar frekar ánægðir með máltíðir skólans
- Ánægja með upplýsingar um stefnu skólans, aðalnámskrá og skólanámskrá á heimasíðu skólans
- Persónulegur og heimilislegur skóli
- Mikil ánægja með viðbrögð skólans við Covid-faraldrinum.

### Tækifæri til umbóta

- Húsnæði skólans
- Minnka aðkeyptar/unnar vörur í mótuneyti og auka úrval.
- Auka áherslu á list- og verkgreinar
- Skýrari reglur, hvað má og hvað má ekki.
- Tölvukostur skólans
- Skriftaræfingar samhliða lestri
- Upplýsingar til foreldra

## Nám og kennsla

Í Fellaskóla er haldið utan um niðurstöður læsiskannana hjá öllum árgöngum þannig að aðgengilegt sé að sjá þróun árangurs hjá árgöngum.

**Lesskilmingsprófið Orðarún** er lagt fyrir alla nemendur í 3. – 10. bekk.

**Lesfimiþróf MMS**, lesferill er lagt fyrir alla nemendur skólans og eru niðurstöður rýndar og skráðar út frá viðmiðum um árangur.


**Læsi – lesskimun** er lögð fyrir nemendur í 1. og 2. bekk.

**Samræmd könnunarþróf** eru lögð fyrir nemendur í 4. og 7. bekk á haustin og fyrir 9. bekk á vorin.


### Námsmat

#### Lesferill maí 2021

Hlutföll nemenda eftir frammistöðu samkvæmt viðmiðum  
Fellaskóli - Fellahreppi, maí 2021





Meðaltal lesinna orða og viðmið eftir árgöngum  
Fellaskóli - Fellahreppi, maí 2021




## Samræmd próf

## 7. bekkur haust 2020





#### 4. bekkur haust 2020





Hæfnieinkunnahlutföll  
Íslenskuhluti  
4. árgangur  
Fellaskóli - Fellahreppi, sept. 2020



Flokkun raðeinkunna  
4. árgangur  
Fellaskóli - Fellahreppi, sept. 2020




## 9. bekkur mars 2021






Hæfnieinkunnahlutföll  
Enskuhluti  
9. árgangur  
Fellaskóli - Fellahreppi, mars 2021



Flokkun raðeinkunna  
9. árgangur  
Fellaskóli - Fellahreppi, mars 2021



## Stjórnun

Í skýrslu úttektaraðila mms vorið 2021 snýr einn af þremur áhersluþáttum úttektar að stjórnun skólans. Þar kemur fram að stjórnendur hafi metnað fyrir góðu skólastarfi og skapi svigrúm fyrir sameiginlega starfsþróun starfsfólks bæði innan og utan skóla. Einnig að þeir hafi forystu um að starfsfólk kynni sér nýja þekkingu um faglegt skólastarf. Það kom einnig fram í viðtölum við kennara og starfsfólk að reglulega fer fram ígrundun og gagnrýnin samræða innan skólans um starfshætti með það að markmiði að auka gæði náms og kennslu.

Mat á árangri og störfum er stöðugt í gangi og er samofið daglegu starfi stjórnenda. Niðurstöður kannana og skimana eru nýttar sem grundvöllur umbótastarfs að sögn skólastjóra en ekki er til skráð ferli eða verklag við að koma upplýsingum um árangur í skólastarfi til foreldra, nemenda og annarra hagsmunaaðila. Stjórnendur miðla reglulega niðurstöðum mats og mælinga um árangur skólastarfsins. Þeir sjá til þess að kennarar hafi tíma og aðstæður til að rýna þær og eiga samræður um þróun og umbætur til að efla árangur nemenda. Starfsþróun skólans er samstarfsverkefni stjórnenda og starfsfólks. Stjórnendur stýra innleiðingu á þróunar- og umbótaverkefnum og sjá til þess að starfsfólk fái stuðning og ráðgjöf við þróunarvinnu eftir þörfum. Framgangur þróunarvinnu er ræddur á fundum en hann er ekki skráður reglulega og uppfærður þannig að auðvelt sé að fylgjast með framgangi þeirra þróunarverkefna sem skólinn tekur þátt í. Þar sem ekki hefur verið gerð þróunaráætlun/símenntunaráætlun fyrir skólann er ekki hægt að sjá, að gætt sé að og gert ráð fyrir starfsþróun sem umbótaverkefni krefjast.

Stjórnendur vinna markvisst að því að stuðla að jákvæðum samskiptum og gagnkvæmu trausti í skólasamfélaginu og það má merkja í öllum samskiptum í skólanum. Í rýnihópum starfsfólks og foreldra kom skýrt fram að stjórnendur hrósa starfsfólki fyrir vel unnin störf og eru sýnilegir í skólastarfinu. Fram kom í viðtali við skólastjóra að núverandi stjórnendur Fellaskóla eru að þróa með sér verkaskiptingu út frá sérþekkingu þeirra og reynslu. Aðstoðarskólastjóri kom nýlega til starfa og skólastjóri hefur verið eini stjórnandi skólans í eitt og hálft ár.

Starfsáætlun er birt á heimasíðu skólans en nokkuð vantar upp á að hún innihaldi þær upplýsingar sem gert er ráð fyrir að í henni séu, svo sem skipurit yfir stjórnskipulag skólans, upplýsingar um tómstundastarf og félagslíf nemenda og starfsþróunar-/símenntunaráætlun. Bekkjarnámskrár frá 2018-2019 eru birtar á heimasíðu en vantar fyrir árið 2020 – 2021 þar sem unnið er að því að breyta þeim í takt við breytt kennsluskipulag, teymi og lotur.

**Niðurstöður starfsmannakönnunar Skólalúpsins og starfsmannaviðtala vor 2021, Stjórnandinn sem faglegur leiðtogi; Faglegt samstarf; skólaþróun.**

### Styrkleikar

- Mjög góður stuðningur frá stjórnendum.

- Sanngirni, réttlæti og jafnræði.
- Hvatning.
- Mjög gott aðgengi að stjórnendum.
- Góð og opin samskipti.
- Traust.
- Skilningur.
- Uppbyggjandi samskipti við samstarfsfólk.

#### **Tækifæri til umbóta**

- Endurgjöf stjórnenda.